




# Blóðþynningarlyf í sprautuformi vegna skurðaðgerðar


Stundum þarf að gefa blóðþynningarlyf í sprautu fyrir og/eða eftir aðgerðir. Það er gert til að minnka áhættuna á myndun blóðsega/blóðtappa í bláæðum og blóðsegareka til lungna. Hjúkrunarfræðingur, læknir eða lyfjafræðingur veita upplýsingar um hvort og hversu lengi á að nota blóðþynningarlyfið. Hjúkrunarfræðingur kennir hvernig á að nota sprautuna.

## Notkunarleiðbeiningar

1. Þvo hendur með sápu og vatni og þurrka vel á eftir.
2. Velja ákveðið svæði á maganum í kringum naflann í að minnsta kosti 5 cm fjarlægð frá nafla. Fyrir sumar aðgerðir eru valdir aðrir stungustaðir svo sem í læri eða upphandlegg og eru þá veittar upplýsingar um það í innskriftarviðtali. Ef nota þarf blóðþynningarlyf í nokkra daga er sprautað til skiptis í hægri og vinstri hlið og reyna þá að stinga ekki alltaf á sama stað.
3. Sitja eða liggja í þægilegri stöðu þannig að svæðið sem á að sprauta sjáist.
4. Fjarlægja hlífðarhettu af sprautunni. Eðlilegt er að loftbólá sé í sprautunni. Ekki má dæla henni út áður en sprautað er.
5. Halda á sprautu eins og penna. Mynda húðfellingu með því að klemma saman húðina og fitulagið undir henni með þumalfingri og vísifingri.



- Halda sprautunni þannig að nálin vísi niður og stingið nálinni beint hornrétt eða örlítið á ská í húðfellinguna.
- Ýta stimpli sprautunnar hægt en ákveðið alveg niður á botn, þannig að loftbólán þrýstist alveg inn. Þetta er gert til þess að tryggja að allt lyfið sé gefið. Óþægindi verða minni ef inndælingin tekur um hálfu mínútu.
- Nálin er dregin út og takinu sleppt af húðfellingu.
- Sprautunni er fargað í heilu lagi þannig að hún valdi ekki skaða. Sprautunni má skila til förgunar í apótek.



### Hafa þarf samband við heilsugæslu eða Landspítala ef:

- blæðir frá skurðsári.
- önnur blæðing verður t.d. á stungustað, nefblæðing, blóð í þvagi, blóðugur hósti eða uppköst.
- óvenjulegt mar myndast án áverka.
- sjúklingurinn verður fyrir höfuðáverka eða dettur og slasar sig.
- vart verður annarra óvenjulegra einkenna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem simum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI  
JÚNÍ 2018  
LSH-1609

ÁBYRGÐARMADUR:

YFIRLYFJAFRÆÐINGUR  
SJÚKRAHÚSAPÓTEKI

HÖNNUN:

SAMSKIPTAEILD